

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	16.12.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Gnýr Hjarðar	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Ásbjörn Einarsson og Þorsteinn Valur Baldvinsson	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið en athugasemd er gerð varðandi tilkynningaskyldu rekstraraðila til Umhverfisstofnunar.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

1. Skoðunarferð um svæðið.
2. Niðurstöður mæligagna skv. grein 5.2 í starfsleyfi.
3. Framkvæmd áætlunar til að draga úr lyktarmengun.
4. Starfshættir samkvæmt kafla 2 í starfsleyfi.
5. Önnur málefni.

1. Byrjað var á því að fara í skoðunarferð um svæðið. Töluverður óþefur/sorplykt var á svæðinu í nágrenni við Gými. Ástæðan var að grafa þurfti ofan í hauginn þar sem gera þurfti við rafmagnskapall sem farið hafði í sundur, líklegast vegna sigs. Var gert ráð fyrir að viðgerð yrði lokið sama dag.

2. Farið var yfir niðurstöður efnamælinga sem lagðar voru fram við eftirlit. Niðurstöður mælinga á sigvatni sýna að styrkleiki á lífrænum efnu var nú tvöfalt hærrí en seinustu ár. Líklegasta skýringin sem rekstraraðili gefur er að sýni voru tekin þegar toppar eru í rennsli sigvatnsins. Síðustu ár hefur rennslið verið að meðaltali um 8-9 l/s en var 27 og 35 l/s í mælingunum í ár. Þetta aukna rennsli hefur í för með sér aukna upplausn lífrænna og tengdra efna. Engar almennar breytingar eru þó á styrk málma í sigvatninu. Á næsta ári áætla rekstraraðili að haga sýnatökum miðað við venjulegt sigvatnsrennsli til að bera saman við mælingar þessa árs. Þá hafa mælingar á vatnshæð í borholum fyrir 2016 verið lagðar fram.

Í efnamælingum á grunnvatni í borholum mældist borhola ÁN-15 með með 224 mg/l COD sem er um 10 sinnum hærra gildi en eðlilegt getur talist en þar sem holan er ný er líklegasta skýringin sú að borsápa hafi verið til staðar í holunni þegar sýnataka fór fram. pH gildi upp á 11,1 sem og ummerki um froðu við sýnatöku styðja þá skýringu. Mikilvægt að mæla aftur í ÁN-15 í næstu mælingum á grunnvatni sem eiga að fara fram 2018.

3. Farið var yfir hvernig framkvæmd áætlunar um að draga úr lyktarmengun væri að ganga. Malbikun við Gými 1 var frestað yfir veturinn meðan jarðvegurinn er ekki fullsiginn. Sjálfvirkt úðakerfi í Gými 2 er nú komið í gagnið en beðið er eftir skýrslu frá Mannvit hvaða úrbætur á að gera með hreinsikerfinu. Daginn fyrir eftirlit, þann 15. desember skrifuðu Sorpa og eigendur hennar samning við danska fyrirtækið Aikan um tæknilausn gas- og jarðgerðarstöðvarinnar fyrir Sorpu í Álfsnesi. Talið er að stöðin verði tekin í notkun síðla árs 2018. Metanvinnsla Sorpu á þá eftir að aukast til muna en nýverið fékk fyrirtækið norræna umhverfismerkið Svaninn fyrir metanframleiðslu sína.

4. Rætt var um starfshætti samkvæmt kafla 2 í starfsleysi og þá aðallega meindýravarnir. Um 2000 vargfuglar eru nú skotnir árlega en það er töluverð minnkun frá því sem var eða um 7000. Sumarlokunin þar sem lokað er yfir helgar hefur þar átt mestan þátt en þá komast fuglarnir ekki í fæði. Meindýraeyðir kemur í hverjum mánuði og vinnur fyrirbyggjandi aðgerðir gegn meindýrum og kemur oft af til þarf.

5. Rekstraraðili óskar eftir upplýsingum um það hvaða moltustaðlar gilda á Íslandi þar sem moltugerð er hafin og fyrsti afrakstur var í sumar. Einnig óskað rekstraraðili eftir því að metið yrði hvort hægt væri að

minnka eftirlit Umhverfisstofnunar með rekstraraðila í ljósi þess að fyrirtækið væri með Umhverfissvottun.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ATHUGASEMDIR

Umhverfisstofnun óskar eftir að fá tilkynningar ef starfsemi eða óhöpp koma upp sem geta valdið lyktarmengun.

Reykjavík, 02.01.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Einar Halldórsson